

ÁFRAM VÖXTUR EN BLIKUR Á LOFTI

Þær atvinnugreinar sem vaxið hafa hægt og bitandi upp í tengslum við útgerð og fiskvinnslu hérlendis hafa ekki fengið mikla athygli. Þetta á meðal annars við um tæknifyrirtæki sem þjóna sjávarútvegi. Íslenski sjávarklasinn hefur með árlegum greiningum á stöðu og horfum þessara fyrirtækja reynt að vekja athygli á þessum vaxandi iðnaði sem hefur fjölmarga möguleika til enn frekari vaxtar. Sú greining sem hér birtist er sú sjötta í röðinni sem Sjávarklasinn hefur gefið út um stöðu tæknifyrirtækja í sjávarklasnum.

Við gerð þessarar greiningar voru 60 tæknifyrirtæki, sem þjónað hafa sjávarútvegi, beðin um upplýsingar um veltutölur og afkomu. Öll þessi fyrirtæki eru með eigið vörumerki og langflest stunda einhvern útflutning. Um 60% fyrirtækjanna svöruðu en þar á meðal voru öll 10 stærstu fyrirtækin á þessu sviði hérlendis. Aþla má að velta þeirra fyrirtækja, sem tóku þátt í athuguninni, sé um 80% af heildarveltu tæknifyrirtækja sjávarklasans sem er að nálgast um 70 milljarða króna. Þessi greining ætti því að gefa nokkuð heildstæða mynd af stöðu tæknifyrirtækja sjávarklasans. Rætt var yfirmenn 15 fyrirtækja um ýmis atriði er lúta að rekstri þeirra og horfum.

ÁFRAMHALDANDI VÖXTUR

Tæknifyrirtæki innan sjávarklasans halda áfram að eflast og á árinu 2016 er áætlað að meðalvöxtur þeirra hafi verið á bilinu 5-10%. Það er minni vöxtur en undanfarin ár. Skýringuna má aðallega rekja til styrkingar krónunnar. Þarna er þó verulegur munur á milli fyrirtækja. Sum stór eða meðalstór fyrirtæki auka veltu sína um 30-40% á meðan minni fyrirtæki standa mörg hver í stað eða velta dregst saman. Þannig virðist enn meiri munur á vexti og afkomu lítilla og stórra fyrirtækja en áður. Mörg þeirra litlu fyrirtækja sem rætt var við í tengslum við þessa úttekt hafa í mesta lagi haldið í horfinu á meðan stóru fyrirtækin hafa sum hver, eins og áður segir, vaxið gríðarlega. Yfirburðir stærðarinnar eru að koma glögglega í ljós; stóru fyrirtækin geta boðið heildarlausnir og öflugt þjónustunet.

Mestu áhyggjur tæknifyrirtækjanna snúa fyrst og fremst að sterku gengi íslensku krónunnar. Mörg fyrirtækjanna eru með bróðurpart veltu sinnar í erlendri mynt og því hefur framlegð minnkað verulega.

STÓR TÆKNIFYRIRTÆKI EFLAST

Stærstu fyrirtækin Marel, Hampiðjan og Skaginn3X áttu öll góðu gengi að fagna á árinu 2016. Rekstur Hampiðjunnar gekk vel og velta fyrirtækisins jókst umtalsvert með kaupum á Voninni í Færeyjum, velta Marel jókst einnig umtalsvert og Skaginn3X heldur áfram að vaxa langt umfram meðaltal. Heildstæðar lausnir stóru tæknifyrirtækjanna fyrir laxeldi, fiskvinnslu (bæði um borð í skipum og í landi) og verksmiðjur fyrir uppsjávarvinnslu hafa styrkt enn stöðu þeirra.

Áhugavert er að sjá að um leið og stærstu fyrirtækin eflast þá hafa þau lagt meiri áherslu á markaðs- og ímyndarmál. Flest tæknifyrirtækin hafa hingað til aðallega kynnt sig á sölusýningum og síðan með heimsóknum í fyrirtæki. En eftir því sem fyrirtækin hafa stækkað þá hafa þau farið meira í markvissa auglýsingastarfsemi af ýmsu tagi. Möguleikar í þeim efnum hafa eðlilega opnast fyrir þessi fyrirtæki eftir því sem veltan eykst og lausnir þeirra verða heildstæðari.

Hástökkvarar í flokki fyrirtækja með veltu yfir milljarð króna er fyrirtæki á borð við Völkum sem hefur vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum.

SAMVINNA VEX EN MEIRA MÁ GERA

Aukin samvinna tæknifyrirtækja hefur orðið til á undanförunum árum en Íslenski Sjávarklasinn hefur talað fyrir henni um árabíl. Í því sambandi má nefna að fyrirtækið Ocean Excellence sem er meðal annars í eigu Sameyjar og Mannvits hefur hlotið styrki til að þróa lausnir fyrir minni útgerðir í Afríku. Samvinna Skagans3X, Frosts og fleiri fyrirtækja við þróun heildstæðra verksmiðjulausna hafa skilað miklum árangri. Þá varð til fyrir á árinu 2017 fyrirtækið Knarr

sem er meðal annars í eigu Skagans3X, Naust Marine og Frosts er að sérhæfa sig í að bjóða heildarlausnir fyrir skip. Þá hefur orðið vart aukinnar samvinnu um hönnun skipa þótt enn megi styrkja það samstarf.

Ekki var mikið um sameiningar á árinu 2016 en fyrr á þessu ári var tilkynnt um að fyrirtækin Skaginn, 3X Technology ásamt Þorgeir og Ellert verði kynnt undir sameiginlegu vörumerki; Skaginn3X. Þessi breyting var gerð til að einfalda og sameina markaðsstarf fyrirtækjanna og skapa sterkari markaðsstöðu.

Bróðurpart þeirra litlu tæknifyrirtækja sem eru starfrækt hérlandis hefur ekki lánast að auka samstarf sín í milli eða að sameinast. Þessi fyrirtæki eru mörg hver með einhvern og í sumum tilfellum umtalsverðan útflutning. Í mörgum tilfellum hafa eigendur þessara fyrirtækja oft yfirburðapekkingu og/eða -færni á tilteknum sviðum og hafa í kjölfarið búið til fyrirtæki utanum þessa kunnáttu sína. Mörg þessara tæknifyrirtækja bjóða afburðalausnir en sökum smæðar þeirra eru þau ekki í stakk búin til að markaðssetja vörur sínar á stærri mörkuðum og erlendir kaupendur kunna að óttast að þau geti ekki sinnt viðhaldi og þjónustu eins og ákjósanlegt er. Aukin samvinna lítilla fyrirtækja og jafnvel víðtækur samruni er að mati okkar afar brýn fyrir mörg þessara fyrirtækja hafi þau á annað borð áhuga á að vaxa á komandi árum.

BREIDD ÞJÓNUSTU EYKST

Mörg þeirra tæknifyrirtækja sem eru í sjávarklasanum hafa fylgt stefnu sem segja má að Marel hafi markað hérlandis sem er að víkka út starfsemina og sinna í auknu mæli annarri matvælaframleiðslu. Nú eru mörg íslensk tæknifyrirtæki, sem áður sinntu einungis sjávarútvegi, að bjóða sérstakar lausnir fyrir m.a. kjúklinga- og svínaiðnaðinn. Hér geta verið á ferðinni stórar vinnslulausnir en einnig sérhæfðar lausnir í hreinsun, kælingu, próteingerð, róbótum, verksmiðjustýringu o.fl. Sömu sögu er að segja af vaxandi þjónustu tæknifyrirtækja við fiskeldi hér og víða um heim. Hér eru gríðarleg tækifæri fyrir íslenskan tækniiðnað sem krefst þess þó að fyrirtækin auki samvinnu um þátttöku á vörusýningum sem snúa m.a. að matvælaíðnaði ofl. Hér getur samvinna fyrirtækjanna í gegnum meðal annars Íslandsstofu verið áhugaverð.

ÁHUGI INNLENDIS SJÁVARÚTVEGS EN ERFIÐ TÍÐ

Gott gengi margra tæknifyrirtækjanna á árinu 2016 má rekja til aukinna fjárfestinga íslensku sjávarútvegsfyrirtækjanna bæði í útgerð og vinnslu. Fjárfestingar í skipum hafa verið miklar og endurnýjun í fiskvinnslu á landi einnig. Þrátt fyrir að hönnun skipanna sé á herðum íslenskra aðila er

sáralítill fjölgun í störfum á þessu sviði hérlandis. Ástæða er til að skoða hvernig megi efla innlenda þekkingu og fjölga störfum á þessu sviði innanlands. Lítil endurnýjun skipahönnuða og -verkfræðinga hérlandis er áhyggjuefni. Slíkt getur verið mikilvægt til að Íslendingar geti boðið heildarlausnir og jafnvel nýtt þekkingu sína við útgerð á öðrum sviðum skipahönnunar erlendis.

Í viðtölum við forsvarsmenn tæknifyrirtækjanna kom fram að þeir meta það svo að horfur séu á all nokkrum samdrætti innanlands í sölu búnaðar á þessu ári en þó ekki síst á árinu 2018. Kemur þar fyrst og fremst til styrking krónunnar sem hefur haft veruleg áhrif á sjávarútveginn. Fáir stjórnendur telja að krónan eigi eftir að veikjast umtalsvert á næstu tveim árum og fremur styrkjast enn frekar. Versnandi afkoma með sterkara gengi er þannig líkleg til að draga verulega úr fjárfestingum sjávarútvegsfyrirtækja í nýrri tækni og búnaði. Það er helst í fjárfestingum í frekari sjálfvirknivæðingu sem líklegt er að minnsti samdráttur verði í.

Að mati stjórnenda tæknifyrirtækja í sjávarklasanum eru blikur á lofti í rekstri fyrirtækjanna sem fyrst og fremst orsakast af sterkri stöðu krónunnar. Afburðanýjungar í tæknilausnum og heildstæðar lausnir stærri tæknifyrirtækja geta þó við haldið sterkri samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðamarkaði og eflt þau á komandi árum.

Nánari upplýsingar veita Þór Sigfússon og Berta Danielsdóttir hjá Íslenska sjávarklasanum í síma 5776200.